

# Minnisblað

Til: Velferðarnefnd  
Frá: Margrét Geirsdóttir  
Dags. 7. júní 2023  
Mnr. 2023050188



ÍSAFJARÐARBÆR

## Strandhjólástóll - Mobility

Ábending barst frá einstaklingi sem benti á þörf fyrir strandhjólástól í Holtsfjöru þannig að aðgengi yrði tryggt fyrir alla. Fjaran sé vinsælt útivistarsvæði fyrir íbúa Ísafjarðarbæjar, sem og ferðafólk. Bent var á að Reykjavíkurborg hafi tryggt aðgengi að Nauthólsvík með þessum hætti.

Ísafjarðarbær hefur enga formlega aðkomu að Holtsfjöru, enda ekki eigandi landsins sem Holtsfjaran tilheyrir. Engin aðstaða er fyrir hendi s.s. salerni, geymslur, sturtur, búningsaðstaða eða annað sem tilheyrir starfsemi útivistarsvæðis. Því fellur Holtsfjara ekki undir skilgreint útivistarsvæði. Þá er ljóst að um viðkvæmt varpsvæði er að ræða og aðgangur ekki leyfður í apríl, maí og fram í júní.

Ef frekari athugun á að fara fram í tengslum við erindið þarf að liggja fyrir formleg afstaða eigenda um nýtingu á Holtsfjöru og hvort ætlunin sé að útbúa einhvers konar útivistaraðstöðu.

Upplýsingar um verð á strandhjólástól komu frá Mobility en hann er með baki sem hægt er að halla og lyftanlegum fótastuðningi. Þannig stóll kostar kr. 968.345,-, án sendingarkostnaðar. Verðið er bundið gengi Bandaríkjadollars hverju sinni.

Erindið er sent velferðarsviði Ísafjarðarbæjar í von um að hægt verði að koma til móts við sjónarmið um aðgengi fyrir alla og að jafnræði sé á milli fólks um möguleika á heilbrigðri útiveru.

Virðingarfyllst,

Margrét Geirsdóttir